

AUGLÝSING

um gjöld vegna alþjóðlegra einkaleyfisumsókna.

1. gr.

Gjöld vegna alþjóðlegra einkaleyfisumsókna skulu auglýst í Einkaleyfatíðindum.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991, um einkaleyfi, sbr. 46. gr. reglugerðar nr. 574/1991, varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl., öðlast gildi 1. janúar 1999. Jafnframt falla þá úr gildi auglýsing nr. 639/1995, 8. og 9. gr. reglugerðar nr. 288/1996, auglýsing nr. 200/1997 og auglýsing nr. 758/1997.

Iðnaðarráðuneytinu, 3. desember 1998.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

3. desember 1998

Nr. 715

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Sorpstöð Hafnar, Höfn, Hornafirði.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Sorpstöð Hafnar, Höfn, Hornafirði, kt. 590169-4639. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda, og gildir til 1. janúar 2003.

Reykjavík, 3. desember 1998.

Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Ólafur Pétursson.

3. desember 1998

Nr. 716

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Sorpförgun Öxarfjarðarhrepps, Kópaskeri.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Sorpförgun Öxarfjarðarhrepps, Kópaskeri, kt. 520269-4529. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda, og gildir til 1. janúar 2003.

Reykjavík, 3. desember 1998.

Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Ólafur Pétursson.